



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEILLAÓSKIR TIL JÓHANNS JÓHANSSONAR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í dag heillaóskir til Jóhanns Jóhannssonar tónskálds í tilefni af Golden Globe verðlaununum og tilnefninga til Oscars verðlaunanna og BAFTA verðlaunanna. Í kveðjunni sagði m.a. að Íslendingar samgleðjist honum innilega enda sé árangur hans mikilvæg hvatning til íslenskra tónlistarmanna, sérstaklega unga fólksins sem dreymi um að sigra heiminn um leið og það varðveiti íslenskar rætur.

*16. janúar 2015*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*